

SSV - stjórn , fundur nr. 115

Dags. 11. Mars 2015

## 115. fundur stjórnar SSV

**Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 11. mars 2015 kl. 10.00 í Leifsbúð í Búðardal.**

Mætt voru; Ingveldur Guðmundsdóttir, Eggert Kjartansson, Sif Matthíasdóttir, Björgvin Helgason, sem sat fundinn sem varamaður Hjörðísar Stefánsdóttur, Kristín Björg Ármadóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Árni Hjörleifsson, Eyþór Garðarsson, Rakel Óskarsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir og Magnús Snorrason sem sat fundinn sem varamaður Bjarka Þorsteinssonar. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Framlögð fundargerð frá 114. fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 114. fundi stjórnar SSV til staðfestingar.

Stjórn staðfesti fundargerðina

## 2. Vesturlandsstofa

a. Breyting á stjórn Vesturlandsstofu ehf.

Lögð fram tillaga um að Páll S. Brynjarsson taki við stjórnarformennsku í Vesturlandsstofu ehf. á aðalfundi 25. mars n.k. og að Ólafur Sveinsson verði varamaður. Stjórn samþykkti tillöguna

b. Uppgjör fyrir rekstur Vesturlandsstofu árið 2014

Lagður fram ársreikningur Vesturlandsstofu árið 2014.

Framkvæmdastjóri SSV fór yfir ársreikninginn. Rekstrartekjur Vesturlandsstofu fyrir árið 2014 voru kr. 40.216.891. Rekstrargjöld 37.538.628. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru kr. 1.915,837 kr. Fjármunagjöld 941.109 kr. Rekstrarrafgangur 974.728. Skammtímaskuldir félagsins eru 11.081.707 kr. Samþykkt að vísa ársreikningi til aðalfundar.

## 3. Málefni fatlaðra, Þjónustusvæði Vesturlands bs.

a. Framlagður ársreikningur fyrir byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vesturlandi.

Rekstrartekjur Þjónustusvæðisins eru 402.503.135 kr. Af því er útsvar innheimt frá sveitarfélögum 59.186.945 kr. Rekstrargjöld eru 401.963.934 kr. Fjármunatekjur 135.811 kr. Rekstrarrafkoma ársins 675.012 kr. Framkvæmdastjóri SSV fór yfir ársreikninginn og skiptingu til félagsþjónustusvæðanna þriggja innan Vesturlands.

Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til umfjöllunar á aðalfundi.

b. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um umræðu á fundi bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi um skipulag á málefnum fatlaðra á Vesturlandi.

Minnisblað lagt fram. Rætt um erfiða stöðu í rekstri málaflokkssins, en Akranes og Borgarbyggð eru að greiða verulegar fjárhæðir með rekstrinum umfram tekjur. Fundarmenn almennt sammála um að þjónustan sé betri hjá sveitarfélögum en þau ekki tilbúin að greiða með málafloknum eins og gert hefur verið. Framundan eru uppbyggingaráform á Snæfellsnesi sem ekki eru fyrirséð vegna fjármagnsskorts. Samþykkt að ítreka bókun stjórnar frá stjórnarfundi þann 3. desember sl. og leggja áherslu á aukinn sveigjanleika varðandi félagsþjónustusvæði. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga um stöðu viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## 4. Menningarmál

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning menningarsamningsins. Rekstrartekjur eru 42.143.000 kr. Rekstrargjöld eru kr. 37.454.205 kr. Fjármunatekjur 488.919 kr. Rekstrarrafgangur kr 5.177.714 kr. Rekstrarrafgangur skýrist af hærra framlagi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, fjármagn sem ætlað var til stefnumótunarvinnu færst yfir til ársins 2015 og afskrifaðir voru styrkir sem ekki hafði verið vitjað frá fyrrí árum.

Stjórn samþykkti ársreikninginn með undirritun sinni og vísaði honum til umfjöllunar á aðalfundi

## **5. Vaxtarsamningur Vesturlands**

Lagður fram til kynningar ársreikningur Vaxtarsamnings Vesturlands.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn. Rekstrartekur ársins eru 23.750.000 kr. Rekstrargjöld eru 27.471.386 kr. Rekstrartap (3.721.386) kr. Fjármunatekjur 1.173.361 kr. Tap ársins ( 2.548.025) kr.

Vísað til samþykktar stjórnar Vaxtarsamnings Vesturlands.

## **6. Ársreikningur SSV**

Framkvæmdastóri fór yfir ársreikninginn. Heildartekjur eru 422.924.086 kr. Heildargjöld kr. 422.741.985 kr. Fjármunatekjur 142.692 kr. Hagnaður ársins 324.793 kr. Inni í þessum reikningum er rekstur almenningssamganga en tekjur af þeim rekstri eru 2.817 þús. kr. Skuldir og eigið fé eru 100.710.432 kr.

Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til umfjöllunar á aðalfundi.

## **7. Aðalfundur SSV**

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri í Borgarnesi miðvikudaginn 25. mars n.k. kl. 14:30. Dagskrá dagsins mun hins vegar hefjast kl. 10:00 með aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar. Heilbrigðisnefnd Vesturlands kl. 11. Sorpurðun Vesturlands hf. kl. 12:45 og Vesturlandsstofa kl. 14:00.

Stjórn samþykkti tillögu að dagskrá aðalfundar SSV.

Lagt fram erindi Hvalfjarðarsveitar þess efnis að Björgvin Helgason taki sæti aðalmanns í stjórn og Ása Helgadóttir til vara. Aðalmaður í stjórn, Hjörðís Stefánsdóttir hefur óskað eftir því að láta af stjórnarsetu. Samþykkt að vísa erindinu til aðalfundar.

## **8. Sóknaráætlun 2015-2019**

Lögð fram greinargerð um þau verkefni sem stjórn þarf að taka ákvörðun um varðandi nýjan samning um sóknaráætlun. Auk þess er lagt fram minnisblað frá Alta um svæðisskipulag.

Framkvæmdastjóri fór yfir samningaferli vegna sóknaráætlunar og helstu verkefni henni tengdri. Mótun framtíðarsýnar; Stjórn samþykkti að boða til þjóðfundar á Vesturlandi til að ræða framtíðarsýn. Framkvæmdsstjóra falið að vinna tillögu að tímasetningu og hvernig staðið verði að boðun þáttakenda. Rætt um að starfsmenn SSV vinni stöðugreiningu í samráði við sveitarfélögin á Vesturlandi.

Uppbyggingarsjóður; Lögð fram tillaga að verklags- og úthlutunarreglum fyrir sjóðinn sem og tillaga að skipan stjórnar. Tillaga að verklags- og úthlutunarreglum samþykkt. Þá samþykkti stjórn að skipa eftirtalda aðila í úthlutunarnefnd;

Helga Guðjónsdóttir, formaður

Rakel Óskarsdóttir

Jenný Lind Egilsdóttir

Sveinn Pálsson

Hallfreður Vilhjálmsson

Fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands 2015; Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Sóknaráætlun Vesturlands 2015. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

## **9. Almenningssamgöngur**

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra um breytingar á sumaráætlun Strætó árið 2015. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá Strætó bs. um kostnað við akstur á sunnanverðu Snæfellsnesi sem og umsögn um mögulegar breytingar á tímatöflu á leið 58 og 82. Stjórn samþykkti að gera ekki breytingar á tímasetningum á leiðum 58 og 82. Stjórn samþykkti að fækka ferðum á leið 81 um tvær á viku. Þetta þýðir að eknar verða þrjár ferðir á viku í stað fimm eins og verið hefur frá árinu 2012. Mikil umræða varð um tillögu að akstri um sunnanvert Snæfellsnes en fyrir fundinum liggur tillaga um akstur frá Vegamótum til Arnarstapa, tvær ferðir á dag. Framkvæmdastjóra falið að ræða við fulltrúa Strætó bs. um möguleika í stöðunni til að draga úr kostnaði. Í framhaldinu verði tillögur sendar á stjórn í tölvupósti.

## **10. Skrifstofa SSV**

Lagt fram minnisblað þar sem óskað er heimildar stjórnar til að fara í endurnýjun á heimasíðu SSV. Stjórn samþykkti að heimila að óskað verði tilboða í nýja heimasíðu fyrir SSV.

## **11. Húsnæði í eigu Íbúðaláanasjóðs á Vesturlandi**

Lagt fram minnisblað frá framkvæmadstjóra varðandi umræðu á fundi bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi um húsnæði í eigu Íbúðarláanasjóðs í landshlutanum. Samþykkt var að skipa þriggja manna vinnuhóp um húsnæði í eigu Íbúðarláanasjóðs á Vesturlandi, í hópnum verði bæjarstjórnarnir á Akranesi og Snæfellsbæ og sveitarstjóri Borgarbyggðar. Með hópnum starfi atvinnuráðgjafi frá SSV.

## **12. Kosningar í stjórnir og ráð**

Lagt fram yfirlit yfir þær stjórnir og ráð sem SSV þarf að tilnefna fulltrúa í vorið 2015

Stjórn samþykkti að tilnefna eftirfarandi aðila;

Símenntunarmiðstöð Vesturlands: Kristín Björg Árnadóttir aðalmaður og Hrefna B. Jónsdóttir, varamaður.

Ferðamálasamtök Vesturlands: Guðveig Eyglóardóttir, aðalmaður, og Margrét Björk Björnsdóttir, varamaður.

Vinnumarkaðsráðs Vesturlands: Valgarður Jónsson aðalmaður og Páll Brynjarsson, varamaður.

## **13. Efling fjarskipta**

Lagt fram minnisblað frá Rafal ehf. sem unnið var fyrir atvinnuráðgjöf SSV. Þar kemur fram að áætlaður kostnaður við forhönnun ljósleiðaranets í Dalabyggð er kr. 705.000. Samþykkt að veita fjármagni til verkefnisins af því fjármagni sem fékkst í gegnum fjárfestingaráætlun Sóknaráætlunar árið 2012 en um var að ræða framlag til þriggja ára.

## **14. Framlögð mál**

- Yfirlit frá framkvæmdastjóra um helstu fundi og ráðstefnur sem hann hefur sótt fyrir hönd SSV.

Undir þessu lið var samþykkt að framkvæmdastjóri fari með umboð SSV á aðalfundi Spalar þann 20. mars 2015

Fundi slitið kl. 12:45.

Að loknum fundi var snæddur léttur hádegisverður í Leifsbúð. Eftir hádegisverðinn kynnti Anna Margrét Tómasdóttir Ungmenna – og tómstundabúðirnar á Laugum og Sveinn Pálsson, sveitarstjóri, fór yfir stöðu Dalabyggðar hvað varðar rekstur og byggðaþróun.